

**Nd.**

**192. Breytingartillögur**

[33. mál]

við frv. til l. um samræmda vinnslu sjávaraflla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins.

2. gr. orðist svo:

Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til þess að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra, sem fyrir eru. Við slíkar leyfisveitingar skal ráðuneytið styðjast við umsagnir Hafrannsóknastofnunarinnar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Fiskveiðasjóðs, Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegs-  
manna.

Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um afgreiðslu ráðuneytisins á umsóknum um leyfisveitingar skv. þessari grein.